

**Varðar: Athugasemdir vegna fyrirhugaðrar byggðar við Arnarsmára 32 og 36 á Nónhæð**

Undirrituð hefur unnið sem hjúkrunarfræðingur við heilsugæslu Kópavogs meðal annars við skólahjúkrun, slysamóttöku og þjónustu við aldraða.

Auk þess að hafa miklar áhyggjur af skuggamyndun, aukinni umferð, loftmengun, hávaða og öðrum óþægnum sem íbúar verða fyrir á byggingartímanum og eftir hann, eru ýmis atriði er varða heilbrigðismál sem valda mér þungum áhyggjum.

- Hvernig verður öryggi skólabarna tryggt, þ.e. þeirra sem þurfa að fara yfir Arnarsmárann í skólann? Með tilkomu aukinnar umferðar og þungaflutninga um þá götu aukast líkur á alvarlegum slysum og jafnvel banaslysum margfalt.
- Í dag hafa foreldra, skólafólk og heilbrigðisstarfsfólk miklir áhyggjur af ofþyngd hjá börnum og unglingum. Kópavogur eins og önnur sveitafélög hafa tekið þátt í verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar sem á að taka á þessu vandamáli. Eins og staðan er nú í hverfinu geta börnin hvergi farið til að hreyfa sig. Þau eru rekin í burtu af svæði Breiðabliks í Kópavogsdalnum ef þau ætla að spila þar fótbolta og útivistarsvæði hverfisins meðfram göngustígnum upp brekkuna er ekki vel fallið til boltaleikja, af augljósum ástæðum. Hvar eiga börnin okkar að leika sér?
- Hvað með eldri íbúa í hverfinu sem keypt hafa íbúðir í Gullsmára í góðri trú. Hvers eiga þeir að gjalda og hvert eiga þeir að leita á græn svæði? Ég veit fyrir víst að allmargir þeirra hafa notað Nónhæðina sem útivistarsvæði.
- Hvaða ráðstafanir hyggjast bæjaryfirvöld gera til að tryggja 800+ íbúum heilsugæslu? Eins og staðan er í dag er ekki hægt að bæta við læknum á heilsugæslustöð hverfisins vegna þrengsla. Er fyrirhugað að byggja ofan á heilsugæslustöðina?
- Miklar breytingar hafa orðið á kennaraliði Smáraskóla frá því á vormánuðum og er ég ekki eina foreldrið sem hefur miklar áhyggjur af þeim málum. Víst er að það mun taka skólann mörg ár að ná aftur stöðugleika eftir slíka hreinsun. Verður skólanum aftur stefnt í uppnám þegar stór hópur nýrra nemenda kemur inn í skólann á svipuðum tíma? Þar á meðal hugsanlega stór hópur unglinga sem oft eiga erfitt með að aðlagast breytingum. Slíkt hefur m.a. skapað vandamál í skólum á Selfossi þar sem íbúafjölgun hefur verið mjög hröð.

Í útvarpsviðtali þann 18/8 2007 nefndi Ármann Kr. Ólafsson að þétting byggðar væri nauðsynleg vegna þess hversu langa leið íbúar höfuðborgarsvæðisins þyrftu að keyra til vinnu. Þau rök eru út af fyrir sig góð og gild en á móti verður að vera hægt að tryggja öryggi og vellíðan þeirra sem fyrir eru. Það er ekki hægt í þeirri áætlun sem hér er sett fram.

Ég sé ekki annað en að bæjaryfirvöld í Kópavogi séu með þessari framkvæmd að bola í burtu því fjölskyldufólki sem þegar hefur komið sér fyrir í hverfinu. Þetta fólk gerir þá kröfu að börnin þeirra séu örugg og hafi svigrúm til að leika sér í hverfinu sínu. Þetta fólk gerir líka þá kröfu að skóli barna þeirra sé ekki reglulega settur í uppnám.

Nú nýverið hafa foreldrar mínir, sem komin eru á efri ár, fest kaup á raðhúsi hér í hverfinu. Fyrir þau verður Arnarsmárin farartálmi. Mörgu fullorðnu fólki í hverfinu óar við þessari uppbyggingu sem verið hefur og skapa þessar miklu breytingar fólkinu mikið óöryggi. Það er því mjög þrengt að þessu fólki sem ekki á sér málsvara. Smám saman er hverfið okkar að verða mjög ómanneskjulegt og kuldalegt. Hingað vantar tilfinnanlega grænt svæði bæði fyrir börn og aldraða, sem og aðra íbúa hverfisins.

Ég vona að bæjarstjórn Kópavogs sjái að sér í þessu máli, því hér er skipulagsslys í uppsglingu sem haft getur alvarlegar afleiðingar fyrir líf og limi íbúanna.

Virðingarfyllt

---

Sigríður K. Sverrisdóttir Foldarsmára 6